Menning Menning Menning

Litlar hjólbörur með einu pari af höndum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Myriam Bat-Yosef, eða María Jósefsdóttir, er ein af þeim mörgu tengdadætrum landsins sem auðgað hafa listalíf okkar á þessari öld. Á tæplega þrjátíu ára tímabili hefur hún komið til Íslands, reglulega eins og farfuglarnir, til að sýna verk sín og endurnýja kynnin við land og þjóð.

Þótt verk hennar virðist ekki hafa breyst ýkja mikið á þessum tíma, hafa þau borið með sér ævintýralegan andblæ sem verið hefur á skjön við obbann af íslenskri myndlist og þannig aukið á fjölbreytnina.

Sýningu sína að Kjarvalsstöðum nefnir María „yfirlit þess starfs sem liggur eftir mig". Gefur auga leið að slíkri yfirlitssýningu er þröngur stakkur skorinn á vesturgangi Kjarvalsstaða. Enda verða þrengslin til þess að áhorfandinn nýtur ekki sýningarinnar sem skyldi, má varla snúa sér við án þess að rekast utan í einhvern hlut.

Kvenleg formgerð

Út af fyrir sig er ég ekki fær um að dæma, hvort þetta úrtak verka Maríu gefur sanna mynd af ferli hennar — en hún á nú að baki yfir 70 einkasýningar — því ég hef ekki fylgst náið með henni á undanförnum árum. Mestu máli skiptir að hún hefur sjálf valið þessi verk til sýningar.

Alltént skortir ekki fjölbreytnina. Hér eru málaðir skúlptúrar, teikningar, málverk, klippimyndir og ljósmyndir af gjörningum, 86 ítem alls. Verst er að í sýningarskrá er hvergi getið um aldur þeirra.

Tvennt er það sem virðist fara saman í verkum Maríu. Annars vegar er nokkurs konar kvenleg formgerð, eins og hún hefur verið skilgreind af kvenlistamönnum allt frá Georgíu O'Keefe til Judy Chicago. Gengur hún út á notkun opinna, lífrænna forma hinnar kvenlegu anatómíu, með megináherslu á brjósta- og skapalíkingar.

Ummyndun

Hins vegar er um að ræða eins konar austurlenskt afbrigði súrrealisma, skrautlegt og smáfellt. En gangverk myndverka Maríu er fyrst og fremst hin súrrealíska hugmyndafræði í sinni einföldustu mynd: ummyndun (metamorfósis) veruleikans í undraveröld. Enda segir María berum orðum í uppsláttarbók sem ég hef undir höndum: „Ég hefi gert markmið súrrealismans að mínum, og trúi því staðfastlega að listin eigi bæði að vera ófresk og fjölkunnug, fyrir listamenn sem listunnendur."

Því er það að María tekur sér fyrir hendur að mála allt það sem hún kemst yfir, hluti til hvunndagsbrúks eins og stóla, borð, potta og pönnur, sérstaklega hannaða eða fundna hluti, veggi og loft í híbýlum, jafnvel manneskjuna sjálfa. Í áðurnefndri bók segir María ennfremur: „Ég læt mér ekki detta í hug að breyta græna litnum á grasinu, eða litum blóma, trjáa og fugla, því allt er þetta undur fallegt. En ég er að reyna að blása töfraanda í dauða hluti, með því að þekja þá litum og breyta lögun þeirra með línum."

Uppákomur

Sjálfum finnst mér María hafa mest erindi sem erfiði er hún breytir þekktum fyrirbærum í óþekkt, og þá helst er hún fæst við þrívíða hluti: borð, hjólbörur, blævæng, öxi, vigt o.s.frv. Form og eðli þessara hluta veita henni þar nauðsynlegt aðhald, beina skreytni hennar í réttan farveg.

En þegar kemur að tvívíðum verkum Maríu, málverkum, klippimyndum, teikningum, þá er oft eins og þau fari úr böndunum, þjáist af ofhlæði og íburði sem bæði auga og hugur eiga erfitt með að fylgja eftir.

Á sýningu Maríu eru einnig nokkrar myndir af gjörningum sem hún hefur staðið að víða um heim, en þar sýnist mér hinn opni, lífræni tjáningarmáti hennar njóta sín ágætlega. Það hefði gert sýningunni gott að fá slíka uppákomu í tengslum við hana, e.t.v. með tónlist og kveðskap. Hvar eru þeir nú, lagsmenn Medúsu?

-AI.



Myriam Bat-Yosef — Borð með hönd (nr. 33).

EILÍFT SUMAR

Steinhúsin njóta eilífs sumars eftir að hafa verið máluð að utan með utanhússmálningu frá Málningu hf.



VATNSVARI
(Mónósílan)
Vatnsfráhrindandi efni sem lækkar rakastig steyptra mannvirkja





STEINAKRÝL
Terpentínuþynnanleg, akrýlbundin málning með sléttri áferð



KÓPAL DÝRÓTEX
Vatnsþynnanleg akrýlbundin málning



HRAUN
Sterk, vatnsþynnanleg akrýlbundin plastmálning með sendinni áferð

málning h/f
Fæst í byggingavöruverslunum um land allt